

í máli þessu hinn 25. október 1967, en eins og á stendur, verður að líta svo á, að upphaf fyrningarfrestsins miðist við það, þegar gallanna varð vart, enda verður gegn mótmælum stefndu og með tilliti til málavaxta að öðru leyti eigi svo á litið, að það umtal, sem áður er lýst í stefnu fyrra málsins, þess efnis, að það mál skyldi vera prófmál, sé með þeim hætti, að það standi í vegi fyrir þessari niðurstöðu. Krafa stefnanda er því niður fallin fyrir fyrningu, og ber því að sýkna stefndu í málinu af þeirri ástæðu, en eins og málið liggur fyrir, eru ekki efni til að fjalla frekar um aðrar málsástæður aðilja.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Diðrik Helgasyni múrarameistara og Braga Þorsteinssyni byggingaverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Gunnlaugur Halldórsson, Guðmundur Kr. Kristinsson, Jón Eiríksson og Byggir h/f, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Byggingasamvinnufélags Reykjavíkur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 14. desember 1971.

Nr. 169/1971. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Birgi Sigurðssyni

(Árni Halldórsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóupprátt staðar-ákvarðanir áhafnar gæzlufflugvélarinnar TF-VOR yfir bát-

um. Í greinargerð skólastjórans, dagsettri 15. nóvember 1971, segir svo:

„A = staður bátsins kl. 1711 h. 2/9 '70 samkvæmt mælingu flugvélarinnar.

Staður A mælist um 1,85 sjóm. frá landi, eða um 1,15 sjóm. innan fiskveiðimarkanna fyrir togveiðar.

B = staður bátsins kl. 1714, um 1,95 sjóm. frá landi, eða um 1,05 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

C = staður bátsins kl. 1716, um 2,1 sjóm. frá landi, eða um 0,9 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

X = staður bátsins kl. 2240 h. 2/9, samkvæmt framburði skipstjórans, 7,5 sjóm. frá Ingólfshöfða og 23 sjóm. frá Fellsfjalli.

X mælist um 4,5 sjóm. utan fiskveiðimarkanna“.

Samkvæmt gögnum málsins verður talið sannað, að ákærði hafi gerzt sekur við lagaákvæði þau, sem í ákæruskjali greinir.

Báturinn Steinunn, SF 10, er 72 rúmlestir brúttó. Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dagsettu 9. desember 1971, jafngilda 100 gullkrónur 3.992.93 seðlakrónum.

Ber að staðfesta héraðsdóminn, þó þannig, að greiðslufrestur sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 9.000.00, og laun skipaðs verjanda, kr. 9.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Birgir Sigurðsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 9.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Árna Halldórssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 9.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Skaftafellssýslu 22. janúar 1971.

Ár 1971, föstudaginn 22. janúar, var á dómþingi sakadóms Skaftafellssýslu, sem háð var á Hótel Höfn, Hornafirði, af Einari Oddssyni sýslumanni og meðdómsmönnum Tryggva Sigjónssyni og Sverri Guðnasyni, kveðinn upp svohljóðandi dómur í sakadómsmálinu nr. 5/1970: Ákærvaldið gegn Birgi Sigurðssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. janúar 1971, hefur ákærvaldið höfðað með ákæruskjali, útgefnu 5. október af saksóknara ríkisins, gegn Birgi Sigurðssyni, Miðtúni 21, Höfn í Hornafirði, fæddum 23. júlí 1938 á Djúpavogi, skipstjóra á m/b Steinunni, SF 10, sem er 72 brúttórúmlestir að stærð, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu nr. 62/1967, sbr. lög nr. 21/1969 um breyting á þeim lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum báti síðdegis miðvikudaginn 2. september 1970 austan Ingólfshöfða á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurgreindrar reglugerðar, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar, sbr. einkum 2. gr., C 1 og C 2, nefndra laga nr. 21/1969, sbr. að öðru leyti þau lög svo og reglugerðir um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, nr. 87/1958 og nr. 29/1964 og auglýsingu nr. 4/1961.

Ákærast því nefndur Birgir Sigurðsson til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., nefndra laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem er á lögaldri sakamanna, hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1955 20/10 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.

1963 18/10 á Akranesi: Dómur: 15 daga varðhald, sviptur öku-leyfi í 18 mánuði frá dómsbirtingu, fyrir brot á 2., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga.

Samkvæmt skýrslu Sigurðar Þ. Árnasonar, skipherra hjá Landhelgisgæzlunni, var gæzluflugvélin TF-VOR á eftirlitsflugi við Ingólfshöfða miðvikudaginn 2. september 1970. Segir svo í skýrslunni orðrétt:

„Um kl. 17.08 var tekið eftir fiskibát skammt undan landi A við Ingólfshöfða.

Kl. 17.09 var komið að m/b Steinunni, SF 10, sem var að toga með stb. vörpu og hélt í A-læga stefnu.

Kl. 17.11 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir bátnum:

S.K. Ingólfshöfði	>	35°45'
Salthöfði	>	91°31'
Rákartindur		

Flughæð 500 fet, flughraði 139 sjóm.

Gefur það stað bátsins um 1,9 sjóm. frá landi.

Kl. 17.13 sást, að báturinn hafði snúið til stb. og togaði S læga stefnu.

Kl. 17.14 var staðarákvörðunin endurtekin yfir bátnum:

S.K. Ingólfshöfði	>	35°12'
Salthöfði	>	90°54'
Rákartindur		

Flughæð 500 fet, flughraði 139 sjóm.

Gefur það stað bátsins um 2.0 sjóm. frá landi.

Kl. 17.16 var staðarákvörðunin enn endurtekin yfir bátnum:

S.K. Ingólfshöfði	>	35°14'
Salthöfði	>	89°25'
Rákartindur		

Flughæð 500 fet, flughraði 139 sjóm.

Gefur það stað bátsins um 2.2 sjóm. frá landi.

Ekki var hægt að hafa samband við bátinn, þar sem talstöð flugvélarinnar var biluð.

Kl. 17.22 var báturinn yfirgefinn, og togaði hann þá enn út um.

Framanskráðar mælingar voru gerðar af Sigurði Þ. Árnasyni skipherra og Benedikt Guðmundssyni, stýrimanni, með sextöntum, og var venjulegur háttur hafður á við mælingarnar“.

Skýrslu þessa hafa vitnin Sigurður Þorkell Árnason skipherra og Benedikt Gunnar Guðjónsson, stýrimaður hjá Landhelgisgæzlunni, staðfest fyrir dómi. Samkvæmt framburði þessara tveggja vitna var eftirfarandi háttur hafður á við mælingarnar:

Flogið var út yfir bátinn og síðan yfir hann í stefnu á miðmælipunktinn (Salthöfða). Skömmu áður en flugvélin kom að bátnum, stilltu mælingamenn sextantana á þá staði, er mæla átti til. Fylgzt var síðan með þeim breytingum, er áttu sér stað á hornunum, og sextantarnir stilltir eftir því. Rétt áður en flugvélin kom að bátnum, byrjaði flugmaðurinn að telja 1, 2 og nú, er flugvélin var yfir bátnum. Hættu þá mælingamennirnir að mæla og lásu af sextöntunum. Síðan lásu þeir af sextöntum hvor annars til að fullvissa sig um, að rétt væri lesið af.

Vitnin Sigurður Þorkell Árnason og Benedikt Gunnar Guðmundsson bera það bæði, að greinilegt hafi verið, að báturinn hafi verið að toga með botnvörpu í umrætt sinn og hafi vírarnir legið í sjó.

Ákærði skýrir svo frá fyrir dómi, að hann hafi orðið var við flugvél á milli kl. 15—19 þann 2. september 1970. Hafi flugvélin flogið yfir bátinn tvisvar til þrisvar sinnum. Ekki kveðst ákærði hafa vitað, hvort þarna var að ræða um flugvél frá Landhelgisgæzlunni eða ekki.

Ákærði segir enn fremur, að hann hafi verið á veiðum á Ingólfshöfðasvæðinu, en utan landhelgislínu, og að þeir hafi haldið sig á umræddu svæði allan daginn. Ákærði skýrir svo frá, að samkvæmt dagbók m/b Steinunnar hafi verið haft samband við hann og honum tilkynnt kæran kl. 2240. Hafi báturinn þá verið staddur 7.5 sjómíllur frá Ingólfshöfða og 23.00 sjómíllur frá Fellsfjalli. Var ákærði þá sakaður um landhelgisbrot og beðinn að koma í land, sem hann og þegar gerði.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa verið að togveiðum, þegar flugvélin flaug yfir bátinn.

Vitnið Ingólfur Ásgrímsson, stýrimaður á Steinunni, SF 10, í umrætt sinn, skýrir svo frá fyrir sakadómi Skaftafellssýslu, að það hafi verið nýfarið niður í káetu, er umrædd flugvél flaug yfir bátinn, en þá hafi báturinn verið úti með trollið og verið að toga. Vitnið telur, að báturinn hafi verið 6—8 sjómíllur suðaustur af Ingólfshöfða, er það fór niður.

Það er álit dómsins, að Landhelgisgæzlunni hafi verið heimilt að nota flugvél í einkaeign við löggæzlustörf og að ekki skipti máli, þótt flugvélin hafi ekki verið með merkjum Landhelgisgæzlunnar.

Ekki hefur neitt komið fram í málinu, sem bendir til þess, að staðarákvarðanir Landhelgisgæzlunnar, sem merktar eru inn á sjókortið, dskj. nr. 2, séu ekki réttar. Dómurinn féllst á það atriði varnarinnar, að æskilegt hefði verið, að Landhelgisgæzlan hefði strax haft samband við ákærða, þegar hann var staðinn að meintum ólöglegum veiðum í umrætt sinn, en það hefur ekki áhrif á úrslit málsins.

Með eiðfestum framburði vitnanna Sigurðar Þorkels Árnasonar og Benedikts Gunnars Guðjónssonar og öðru því, sem komið hefur fram í málinu og rakið hefur verið hér að framan, þykir sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem í ákæru-skjali greinir og þar þykir réttilega heimfærð til lagaákvæða.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 21. janúar 1971, er gullgildi íslenzkrar krónu þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 3.992.93 krónum.

Samkvæmt opinberum skýrslum er m/b Steinunn, SF 10, 72 brúttórúmlestir.

Refsing ákærða samkvæmt áðurtöldum lagaákvæðum þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin sekt til Landhelgissjóðs Íslands, kr. 40.000.00, og komi varðhald í 20 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Afli og veiðarfæri m/b Steinunnar, SF 10, skulu gerð upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Árna Halldórssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Sigurðsson, greiði kr. 40.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 20 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Afli og veiðarfæri m/b Steinunnar, SF 10, skulu gerð upp-
tæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin máls-
varnarlaun til skipaðs verjanda síns, Árna Halldórssonar
hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 14. desember 1971.

Nr. 173/1971. Sverrir Georgsson

gegn

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 14. júní 1971, sem barst Hæstarétti 10. nóvember